

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 3. desember kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 848. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Björn Ingi Edvardsson, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Ólafur Melsted og Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Þetta gerðist:

- 1. Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1, (04.0)** Mál nr. SN170899
Skjalnr. 11291
deiliskipulag, tillaga
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 1. - Krossamýrartorg á Ártúnshöfða. Svæðið er um það bil 16 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 1570 íbúða, skóla, verslunar- og þjónustusvæði við Krossamýrartorg, almenningsrýmum, borgarlínu og borgarlínustöð. Samhliða skipulagsgerðinni er unnið að vistvottun skipulagsins samkvæmt forsendum vistvottunarkerfisins Breeam Communities.
Tillagan er lögð fram til samþykktar í samræmi við eftirfarandi gögn ráðgjafa frá Arkís arkitektum og ASK arkitektum:
Almenn greinargerð fyrir svæði 1 (og svæði 2) dags. 4. júní 2021.
Skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð fyrir svæði 1. dags. 4. júní 2021.
Deiliskipulags- og skýringaruppdættir dags. 4. júní 2021.
Einnig er lögð fram Hönnunarhandbók fyrir opin svæði, inngarða og almenningsrými dags. 4. júní 2021, unnin af Landslagi, samgöngumat Verkís dags. júní 2021, Húsakönnun fyrir Ártúnshöfða svæði 1-4 dags. apríl 2021, hljóðvistaraskýrsla Verkís dags. maí 2021, umhverfisskýrsla Verkís dags. maí 2021 og mengunarrannsókn Verkís dags. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 18. ágúst 2021, Stefán Auðólfsson f.h. Tak-Malbik ehf. dags. 31. ágúst 2021, Samtök um bíllausan lífstíl dags. 31. ágúst 2021 og Árni Davíðsson dags. 31. ágúst 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. september 2021 og er nú lagt fram að nýju ásamt fornleifaskráningu Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 212.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
- 2. Smárarími 62, (fsp) stækkun húss (02.526.3)** Mál nr. SN210669
Skjalnr. 14559
Kristján Ingi Bragason, Smárarími 62, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kristjáns Inga Bragasonar dags. 26. september 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 62 við Smáraríma sem felst í byggingu geymslu aftan við bílskúr á lóð, samkvæmt skissum ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

3. **Njálsgata 77, Svalir - 1. 2. og 3ju hæð** (11.910.20) Mál nr. BN059743
Skjalnr. 14540
Njálsgata 77, húsfélag, Njálsgötu 77, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir svölum á 1. 2. og 3. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 77 við Njálsgötu. Erindi var grenndarkynnt frá 25. október 2021 til og með 30. nóvember 2021. Engar athugasemdir bárust.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. ágúst 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2021. Gjald kr. 12.100
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
4. **Básendi 14, (fsp) svalir** (01.824.0) Mál nr. SN210711
Skjalnr. 12027
Magnús Sveinn Helgason, Básendi 14, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Magnúsar Sveins Helgasonar dags. 15. október 2021 um leyfi fyrir þegar gerðum svölum á vesturhlið hússins á lóð nr. 14 við Básenda. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021.
5. **Urðarbrunnur 21, Einbýlishús með aukaíbúð** (50.536.05) Mál nr. BN060267
Skjalnr. 14416
Þver ehf., Skipholti 50B, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða staðsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á efri hæð og aukaíbúð á neðri hæð á lóð nr. 21 við Urðarbrunn.
Stærð, A-rými: 271,6 ferm., 824,4 rúmm. Jafnframt er sótt um leyfi til að fella erindi BN059300 úr gildi. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Silfursléttu 2, Sótt um byggl. fyrir 2ja hæða staðsteypt atvinnuhúsnæði.** (34.534.101) Mál nr. BN060165
Skjalnr. 14301
Bygg Ben ehf., Vesturlífr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja tveggja hæða steinsteypt atvinnuhúsnæði með geymslum á neðri hæð og skrifstofum með tilheyrandi stoðrymum á efri hæð sem jafnframt er fyrsti áfangi, mhl.01, uppbyggingar á lóð nr. 2 við Silfursléttu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021.
Stærðir: 1.259,4 ferm., 4.508,4 rúmm. Erindi fylgir lóðauppdráttur 34.534.1 dags. 14.07.2021 og hæðablað 34.534.1- B1 dags í júní 2021. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021 samþykkt.
7. **Súðarvogur 50, (fsp) réttingarverkstæði** (01.454.406) Mál nr. SN210786
Skjalnr. 5787
Karl Már Leifsson, Þórufell 20, 111 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Karls Más Leifssonar dags. 24. nóvember 2021 um rekstur réttingarverkstæðis í iðnaðarbili í húsinu á lóð nr. 50 við Súðarvog.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

8. **Sörlaskjól og Faxaskjól, nýtt deiliskipulag** (01.53) Mál nr. SN210784
Skjalnr. 14584

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. nóvember 2021 var lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir göngu- og hjólastíg við Sörlaskjól og Faxaskjól. Í tillögunni felst aðskilið stígakerfi meðfram strandlengjunni og núverandi götukassa og skilgreindur er áningarstaður á gatnamótum Faxaskjól og Ægissíðu. Með framkvæmdinni er stígakerfi svæðisins styrkt til muna og umferðaröryggi bætt með fyrrnefndum aðskilnaði á göngu- og hjólastíg. Við tillögugerðina var tekið tillit til forskráningar á fornleifum og minjum innan skipulagssvæðisins. samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 25. nóvember 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

9. **Úlfarsárdalur - endurheimt votlendis 3. áfangi, framkvæmdaleyfi** (02.6) Mál nr. SN210797
Skjalnr. 9615

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 30. nóvember 2021 um framkvæmdaleyfi fyrir 3. áfanga endurheimt votlendis á gömlum túnnum í Úlfarsárdal, samkvæmt teikningum VSÓ ráðgjafar dags. 8. apríl 2021 og teikningu Verkís dags. 24. ágúst 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

10. **Bergstaðastræti 86, Breytingar inni - endurgerð garðs** (11.971.07) Mál nr. BN060207
Skjalnr. 13375

Jóhann Guðlaugur Jóhannsson, Bergstaðastræti 86, 101 Reykjavík
Þórdís Þórsdóttir, Bergstaðastræti 86, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja vegg milli forstofuherbergis og stofu, og milli eldhúss og borðstofu, koma fyrir stálbita og arni, endurhanna lóð með steiptum veggjum ásamt því að sótt er um leyfi fyrir áður gerðu bílastæði með aðkomu frá Barónsstíg á lóð nr. 86 við Bergstaðastræti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti embættis byggingarfulltrúa dags. 2. desember 2021 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og minnisblað um breytingar á burðarvirki frá verkfræðistofunni Eflu dags. 22. júlí 2021. Gjald kr. 12.100

Lagður fram tölvupóstur byggingarfulltrúa, dags. 2. desember 2021, þar sem umsagnarbeiðnin er dregin til baka.

11. **Miðstræti 5, Kvistur og þaksvalir.** (11.832.03) Mál nr. BN060065
Skjalnr. 14534

Gera timburpall, hjólageymslu og sorpskýli

FÓ eignarhald ehf., Ármúla 24, 108 Reykjavík
Kristín Sigríður Reynisdóttir, Miðstræti 5, 101 Reykjavík
Valdimar Tryggvi Hafstein, Miðstræti 5, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að gera kvist og þaksvalir á austurhlið þriðju hæðar, stækka kvisti og sameina rými á annarri hæð, gera dyr út úr eldhúsi fyrstu hæðar að palli og tröppum til austurs og nýjar kjallaratröppur á austurhlið, bætt við hjólageymslu og timburpalli í suðaustur horni lóðar og sorpskýli komið fyrir við lóðarmörk til norðurs við hús á lóð nr. 5 við Miðstræti.

Stækkun er: 5 ferm., 18,1 rúmm. Erindi fylgir yfirlitsmynd götureits ódagsett, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 14. september 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6. september 2021. Samþykki eigenda aðliggjandi lóða dags. 25. nóvember 2021. Gjald kr.12.100

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

12. **Skólavörðustígur 12, (fsp) breyting á notkun** (01.180.3) Mál nr. SN210765
rýmis er snýr að Bergstaðastræti Skjalnr. 14581
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 11. nóvember 2021 um að breyta notkun rýmis í húsinu á lóð nr. 12 við Skólavörðustíg, sem snýr að Bergstaðastræti, í kaffihús og vínbar, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2021 samþykkt.
13. **Stórholt 18, (fsp) svalir** (01.245.2) Mál nr. SN210795
Helga María Jónsdóttir, Stórholt 18, 105 Reykjavík Skjalnr. 14586
Lögð fram fyrirspurn Helgu Maríu Jónsdóttur dags. 29. nóvember 2021 ásamt greinargerð dags. um að setja svalir á húsið á lóð nr. 18 við Stórholt, samkvæmt skissu á byggingarnefndarteikningu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Strýtusel 8, (fsp) stækkun á bílgeymslu** (04.922.4) Mál nr. SN210764
Þorkell Jónsson, Strýtusel 8, 109 Reykjavík Skjalnr. 14579
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Þorkels Jónssonar dags. 3. nóvember 2021 um að stækka bílgeymslu á lóð nr. 8 við Strýtusel um allt að 7 fm til suðurs. Einnig er lögð fram grunnmynd 1. hæðar fyrir og eftir breytingu ásamt ljósmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2021 samþykkt.
15. **Tunguvegur 17, (fsp) stækkun húss** (01.824.301) Mál nr. SN210554
Jón Hrafn Hlöðversson, Holtsbúð 27, 210 Garðabær Skjalnr. 14525
Þórarinn Ragnar Pálmarsson, Giljaland 29, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlöðverssonar dags. 28. júlí 2021 ásamt greinargerð dags. 25. júlí 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 17 við Tunguveg. Einnig er lagður fram uppd. dags. í desember 1978. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2021.
16. **Þorragata 1, Vagnaskýli** (16.357.09) Mál nr. BN060160
Leikskólinn Sælukot, Þorragötu 1, 101 Reykjavík Skjalnr. 6210
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að reisa óeinangraða timbur viðbyggingu, sem nýta á sem svefnaskýli fyrir 24 barnavagna leikskólans Sælukots á lóð nr. 1 við Þorragötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á ódagsettum uppdrætti Stáss arkitekta. Gjald 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021 samþykkt.

17. **Austurberg 5, Mhl.07 - Sorp/hjólageymsla** (46.637.01) Mál nr. BN060019
Verkb. nr. 57469-46 Skjalnr. 7705
Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypa óeinangraða byggingu á einni hæð, mhl.07, fyrir sorp- og hjólageymslur við austurhlíð Fjölbrautarskólans í Breiðholti, mhl.05, á lóð nr. 5 við.
Stærð mhl.07: 105.8 ferm., 328.1 rúmm. Erindi fylgja bréf frá hönnuði dags. 18. nóvember 2021 og 4. október 2021. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Brúnastekkur 8, (fsp) stækkun bílskúrs** (04.615) Mál nr. SN210802
Skjalnr. 14426
Ydda arkitektar ehf., Pósthólf 462, 107 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hildar Ýrar Ottósdóttur dags. 17. nóvember 2021 um stækkun á bílskúr á lóð nr. 8 við Brúnastekk, samkvæmt uppdr. Ydda arkitekta ehf. dags. 16. nóvember 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Heiðargerði 34, Hækka þak - tengigangur** (18.021.01) Mál nr. BN060209
o.fl. Skjalnr. 14580
Gunnar Björn Melsted, Heiðargerði 34, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak aðalbygginga um 70 cm, kvistir stækkaðir, komið fyrir tveimur þakgluggum og færa mæni lægra húss upp í efri, tengja núverandi bílskúr við aðalhúsið með tengigangi og nýju anddyri, bílskúr verði stofurými, við enda tengigangs til austurs verði innangengt í glerskála og gróðurhús, gluggi stækkaður í risi og komið fyrir nýjum glugga á fyrstu hæð norðurhlíðar, jafnframt er stefna þakhalla bílskúrs breytt til norðvesturs á húsi á lóð nr. 34 við Heiðargerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021.
Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 8. nóvember 2021, afrit aðaluppdráttar sem samþykktir voru þann 8. maí 1952 og 25. júlí 1963. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021 samþykkt.
20. **Grensásvegur 1, breyting á skilmálum** (01.460.0) Mál nr. SN210806
deiliskipulags Skjalnr. 5328
Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur
Batterið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður
Lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 2. desember 2021 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags "Skeifan - Fenin" vegna lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg. Breytingin felur í sér tillögu að breyttum texta í skilmálum í kafla 2.4, en bætt er við svohljóðandi setningu:
„Matshluta 05, bílageymslu verði gagnkvæmt haldið utan allra rekstrar- og viðhaldsákvæða heildarhúss eins og það er skilgreint á hverjum tíma“, samkvæmt tillögu Batterísins Arkitekta ehf. dags. 1. desember 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
21. **Grensásvegur 50, (fsp) gerð deiliskipulags** (01.802.5) Mál nr. SN210791
Skjalnr. 5620
Byggingastjórinn ehf., Grensásvegi 50, 108 Reykjavík
Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Björns Skaptasonar dags. 26. nóvember 2021 ásamt greinargerð dags. 25. nóvember 2021 um gerð nýs deiliskipulags fyrir lóð nr. 50 við Grensásveg sem felst í að heimiðuð verði uppbygging fjölbýlishúss á lóðinni með allt að 54 íbúðum, samkvæmt tillögu dags. 1. nóvember 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

22. **Hrísateigur 18, Svalir og rishæð** (13.462.04) Mál nr. BN060098
Skjalnr. 13935
Myrra Leifsdóttir, Hrísateigur 18, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir nýju vindfangi, gera þakglugga og svalir á rishæð og 2. hæð, með stiga niður í garð, á suðausturgafli auk þess sem innra skipulagi hæða er breytt í húsi og bílskúr 0102 er breytt í vinnustofu/geymslu á lóð nr. 18 við Hrísateig. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021.
Stækkun vegna vindfangs er: 2,8 ferm., 11,0 rúmm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021 samþykkt.
23. **Rauðarárst 31-Þverh18, Þverholt 18 - Breyta í íbúðir** (12.440.01) Mál nr. BN059059
Skjalnr. 7079
Gufufoss ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að sameina matshluta 05 og 06 í mhl.05, hækka útveggi og þak og innréttu 33 nýjar íbúðir með aðkomu frá Þverholti, með geymslum og 6 vinnustofum á jarðhæð í skrifstofu- og atvinnuhúsnæðis (mhl.06) og reisa hjólaskýli, mhl.06, við Þverholt 18 á lóðinni Rauðarárstígur 31- Þverholt 18.
Erindi fylgir lóðauppráttur 1.244.0 dags. 16. ágúst 2016, hæðablað teiknað í apríl 1968 og mæliblað 1.244.0 síðast breytt 23. janúar 1992 ásamt yfirliti breytinga á A3 afriti af aðalteikningum stimpluðum 26. maí 1998 og 26. september 2000. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2021. Gjald kr. 12.100
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
24. **Suðurlandsbraut 56, (fsp) nýtt skipulags og uppbygging á lóð** (01.463.2) Mál nr. SN210748
Skjalnr. 9221
Trípólí ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Trípólí ehf. dags. 3. nóvember 2021 ásamt bréfi Reita fasteignafélags hf. dags. 2. nóvember 2021 um gerð nýs skipulags og uppbyggingu á lóð nr. 56 við Suðurlandsbraut, samkvæmt tillögu Trípólí ehf. dags. 16. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021 samþykkt.
25. **Nýlendugata 14, Viðbygging** (11.311.08) Mál nr. BN059899
Skjalnr. 11931
J.E. Skjanni, byggingaverkt ehf, Stórhöfða 33, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi á 2., 3. og 4. hæð, byggja viðbyggingu úr léttu byggingarefni, með svölum á og ofan á viðbyggingu við hús á lóð nr. 14 við Nýlendugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021.
Stækkun XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021 samþykkt.

26. **Safamýri 41, Rífa sambyggða bílskúra** (12.814.05) Mál nr. BN059186
Skjalnr. 13614
Alexander Angelo Tonini, Safamýri 41, 108 Reykjavík
Kristinn Guðmundsson, Safamýri 41, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að rífa sambyggða bílskúra og byggja sambyggða bílskúra í samræmi við gildandi deiliskipulag við lóðarmörk lóðar nr. 43, á lóð nr. 41 við Safamýri. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Stækkun: 52,6 ferm., 74,0 rúmm. Erindi fylgir ástandsskýrsla, dags. 30. ágúst 2015, samþykki hagsmunaaðila dags. 7. júlí 2021. Gjald: 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
27. **Þingholtsstræti 25, breyting á deiliskipulagi** (01.183.3) Mál nr. SN200002
Skjalnr. 10474
Papbylisfjall ehf., Fjarðargötu 19, 108 Reykjavík
P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lögð fram umsókn Páls V. Bjarnasonar dags. 2. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grundarstígsreits vegna lóðarinnar nr. 25 við Þingholtsstræti. Í breytingunni felst stækkun á viðbyggingu núverandi húss og gerð áfastra svala á 1. og 2. hæð viðbyggingar auk svala á þaki viðbyggingar, fjölgun íbúða úr fjórum í sjö og setja kvist á austurhlið þaks núverandi húss, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 19. nóvember 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. desember 2019. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embættið, og er nú lagt fram að nýju ásamt bréfi skrifstofu sviðstjóra, dags. 29. nóvember 2021.
Lagt fram bréf skrifstofu sviðstjóra, dags. 29. nóvember 2021, til umsækjanda.
28. **Barðavogur 24, breyting á deiliskipulagi** (01.442) Mál nr. SN210793
Skjalnr. 14350
Karl Kvaran, Skaftahlíð 38, 105 Reykjavík
Lilja Rós Óskarsdóttir, Barðavogur 24, 104 Reykjavík
SP(R)INT STUDIO ehf., Skaftahlíð 38, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Karls Kvarans dags. 29. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Barðavog. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar, stækkun hússins og aukning á nýtingarhlutfalli, samkvæmt uppdr. SP(R)INT STUDIO ehf. dags. 28. nóvember 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
29. **Gullslétta 10, Geymsluhúsnæði** (34.533.50)
Lækjarmelur 10 ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja geymsluhúsnæði með 12 eignarhlutum, byggt úr límtré og stálklæddum steinullareiningum, á lóð nr. 10 við Gullsléttu.
Stærð hús er 1.200,0 ferm., 8.070,0 rúmm. Erindi fylgir orkurammi dags. 19 nóvember 2021. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Hverfisgata 73, (fsp) skipting lóðar** (01.153.2) Mál nr. SN210712
Skjalnr. 8095
Þórarinn Sigurbergsson, Hverfisgata 73, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Þórarins Sigurbergssonar dags. 17. október 2021 um skiptingu lóðarinnar nr. 73 við Hverfisgötu í tvær lóðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi í samræmi við fyrirspurn, á eigin kostnað.

31. **Skrauthólar 4, Áðurgerðar framkvæmdir og nýjar svalir á hús** (32.551.102) Mál nr. BN059663 Skjalnr. 10158
H-O-H sf., Bergstaðastræti 9, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem matshlutar 01, 02, 03, 04, 06, 08 og 09 eru sameinaðir og verða matshluti 01 sem er þjónusta við tjaldsvæði á 1. hæð, með sal fyrir 240 gesti og íbúð á 2. hæð, auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum þar sem mhl. 07, sem var fjárhús, er breytt í einbýlishús, með nýjum svölum, á húsi á lóð nr. 4 við Skrauthóla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021 samþykkt.
32. **Týsgata 6, breyting á deiliskipulagi** (01.181) Mál nr. SN210644 Skjalnr. 14262
Skúli Rúnar Jónsson, Týsgata 6, 101 Reykjavík
Týsgata 6, húsfélag, Týsgötu 6, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Skúla Rúnars Jónssonar dags. 12. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.0 vegna lóðar nr. 6 við Týsgötu. Í breytingunni felst að núverandi geymsla á lóð verður rifin og nýr byggingarreitur fyrir geymslur staðsettur í norðvestur horni lóðar. Heimilt verði að byggja einnar hæðar byggingu innan byggingarreits ásamt því að nýr byggingarreitur verður staðsettur við norðurhlið húss vegna stiga utanhúss sem veitir aðgengi upp á 2. hæð. Jafnframt verður heimilt að gera léttbyggðar svalir götumegin á 2. hæð (flóttaleið), samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 10. ágúst 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 29. október 2021 til og með 26. nóvember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Minjastofnun Íslands dags. 11. nóvember 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
33. **Víðinesvegur 22, Starfsmannahús** (36.285.501) Mál nr. BN060016 Skjalnr. 14509
Björgun ehf., Völuteigi 9, 270 Mosfellsbær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 12. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhúsnæði úr forsteyptum samlokueiningum á tveimur hæðum með skrifstofurými og vinnslusal á 1. hæð og skrifstofum, matsal og búningaðstöðu á 2. hæð, á lóð nr. 22 við Víðinesveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Stærð húss er: 849,0 ferm., 4.828,4 rúmm. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
34. **Básendi 2, Viðbygging/hæð** (18.240.10) Mál nr. BN059142 Skjalnr. 9357
Arnar Konráðsson, Básendi 2, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka rishæð og innréttu stækkun íbúðar á 1. hæð, gera svalir á 1. hæð og klæða að utan með lerki einbýlishús á lóð nr. 2 við Básenda.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. janúar 2018. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. maí 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2021. Stækkun: 83,8 ferm., xx rúmm. Eftir stækkun: 239,4 ferm., 681,2 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

35. **Landfylling í Nýja Skerjafirði,** Mál nr. US210351
frummatsskýrsla, kynning Skjalnr.
Lögð fram til frummatsskýrsla um mögulega landfyllingu í Nýja Skerjafirði, dags. 3. nóvember 2021, ásamt viðaukahefti.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
36. **Vesturgata 64, Fjölbýlishús - mhl.02** (11.301.13) Mál nr. BN060202
Skjalnr. 9450
Hróður ehf., Kjalavogi 7-15, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja mhl. 02, sem er 7 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 44 íbúðum á bílakjallara á lóð nr. 64 við Vesturgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá verkfræðistofunni Mannvit dags. 8. nóvember 2021. Stærð, A-rými: 5.473,9 ferm., 17.516,4 rúmm.
B-rými: 236,8 ferm. Samtals: 5.710,7 ferm. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
37. **Vesturgata 64, Fjölbýlishús - mhl.01** (11.301.13) Mál nr. BN060025
Skjalnr. 9450
Hróður ehf., Kjalavogi 7-15, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja 6-7 hæða fjölbýlishús með 51 íbúð í tveimur stigahúsum sem verða mhl. 01 á lóð nr. 64 við Vesturgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 27. september 2021 og samantekt á brunavörnum frá Mannvit dags. 27. september 2021. Stærð, A-rými: 6.204,5 ferm., 19.183,8 rúmm. B-rými: 296 ferm. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:58.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir